Skóla-akur

Vefrit um skólamál 12. tbl. 8. árg. 25. september 2014

Myndir augnabliksins eru frá heimsókn Kisudeildar Lundarsels í Lystigarðinn.

Öryggishandbók fyrir leikskóla.

Út er komin öryggishandbók fyrir leikskóla. Hún hefur verið unnin í samvinnu mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitafélaga með stoð í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009. Í reglugerðinni segir að sveitarstjórn skuli útbúa handbók fyrir starfsfólk leikskóla með leiðbeinandi reglum um öryggi barna og slysavarnir í leikskólum. Leiðbeiningar þessar skulu grundvallaðar á gildandi lögum og reglugerðum um öryggis-, skipulags- og byggingarmál og samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir leikskóla, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Leiðbeiningar þessar skulu staðfestar af sveitarstjórn sem jafnframt skal sjá um að þær séu aðgengilegar almenningi á heimasíðu skólans eða sveitarfélagsins eða með öðrum hætti og kynntar í skólasamfélaginu. Sambandi íslenskra sveitarfélaga og menntamálaráðuneyti ber að móta leiðbeiningar um gerð slíkrar handbókar. Handbókin er mun ítarlegri en reglugerðin segir til um og er það gert til að auðvelda sveitarfélögum og skólum að uppfylla ákvæði reglugerðarinnar. Handbókin er ætluð sveitarstjórnum, rekstraraðilum, skólastjórnendum, kennurum og öðrum sem starfa í leikskólum til stuðnings við gerð öryggishandbókar, öryggisáætlana og viðbragðsáætlana fyrir leikskóla. Handbókina má nýta í heild sinni eða nýta þá þætti sem henta hverju sinni. Mikilvægt er að í öryggishandbók fyrir starfsfólk leikskóla sé tæpt á öllum þeim þáttum sem koma fram í handbók þessari.

Sjá nánar á veg Menntamálaráðuneytisins:

http://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir2014/Oryggishanbok_leikskola_2014.pdf

Nemendur á miðstigi Oddeyrarskóla heimsóttu Grasrót.

Hópur nemenda í 5. 6. og 7. bekk heimsótti Grasrót í síðustu viku. Félagið Grasrót er skapandi samfélag fyrir áhugasamt fólk sem vill þróa hugmyndir sínar með litlum kostnaði. Í heimsókninni spjölluðu krakkarnir við fólk sem vann að sínum hugðarefnum. Þeir fengu að sjá eldsmið, vefnað, sandblástur á gler, vinnu við gömul húsgögn, rennismíði og smíði flugmódela. Krakkarnir voru áhugasamir, kurteisir og fengu hrós fyrir.

KÍ gefur út handbók um rödd, hlustun og hávaða.

Farið er yfir alla helstu þætti er snúa að hinu mikilvæga atvinnutæki kennarans, röddinni, í nýrri handbók á vegum KÍ.

Kennsluumhverfið – hlúum að rödd og hlustun er ný handbók um hvernig bregðast má við hávaða í skólum og hvernig kennarar geta verndað rödd sína og lært að beita henni rétt.
Handbókinni er ætlað að fræða kennara, skólastjórnendur og aðra starfsmenn skóla um flókið samspil raddar, hlustunar og umhverfis. Röddin er atvinnutæki kennara og mikilvægt er að gera sér grein fyrir hvað getur skaðað hana og ekki síst hvernig hægt að koma í veg fyrir raddveilur. Rödd kennarans þarf að vera áheyrileg og geta gegnt ætlunarverki sínu, nemandinn þarf að hafa gagn af hlustun og umhverfið má ekki spilla fyrir. Þetta eru allt þættir sem eru til umfjöllunar í nýju handbókinni.
Dr. Valdís Jónsdóttir, radd- og talmeinafræðingur, er höfundur bókarinnar en að útgáfunni standa Kennarasamband Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga. Dreifing handbókarinnar í alla skóla landsins, leik-, grunn, framhalds- og tónlistarskóla, er hafin. Þá verður handbókin send til ýmissa stofnana og hagsmunaaðila.
Kennarar og aðrir sem starfa í skólum er hvattir til að kynna sér efni handbókarinnar.
Hægt er nálgast handbókina á: http://www.ki.is/images/Skrar/Frettir/2014/raddbklingur.pdf
Einnig er gagnlegt að skoða og prenta út skjal þar sem farið er yfir úrræði sem hægt er að nota gegn hávaða.
Hér má sjá skjalið: http://www.ki.is/images/Skrar/Frettir/2014/rri_vegna_hvaa__sklum.pdf

Skóla-akur er veftímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri
Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.
Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Ævintýraferðir á Pálmholti.

Í hverri viku fara börnin á Birkiholti í ævintýraferð. Megin tilgangurinn með þessum ferðum er að upplifa, kanna og njóta umhverfisins í kringum skólann en einnig að kenna börnunum að bera virðingu fyrir náttúrunni. Norðan við Pálmholt er „Holtið“ sem hefur að geyma óendanlega möguleika til náttúruskoðunar og leikja. Á Pálmholti er líka „Gleðigarður” og þar eru ræktaðar kartöflur, þegar tekið var upp úr garðinu á dögunum kom í ljós að uppskeran var mun meiri en á síðasta ári og vakti það mikla lukku.

Skólaleikar í Hríseyjarskóla.

Í Hríseyjarskóla er margra ára hefð fyrir því að hefja skólaárið með skólaleikum til að taka vel á móti nýjum nemendum og styrkja vina-böndin. Nemendur keppa í ýmsum óhefðbundnum keppnisgreinum og vinna einnig saman sem einn hópur. Skipt er upp í lið og keppa nemendur m.a. í berjatínslu, folfi og stígvélakasti. Skemmtilegir dagar í skólabyrjun og óhætt að segja að þeir þjappi nemendunum vel saman.

Evrópski tungumáladagurinn 26. september.

Yfir 6000 tungumál eru töluð í heiminum og á bak við hvert þeirra liggur rík og fjölbreytt menning. Tungumáladagurinn er hugsaður sem vett-vangur til að fagna þessu með því m.a. að sýna fólki í Evrópu hversu mikilvæg tungumál eru. Með því að læra tungumál annarra þjóða eykst gagnkvæmur skilningur og við sigrumst á menningarmun sem skilur okkur að. Margir tungumálakennarar og jafnvel heilu skólarnir brjóta upp hefðbundið skólastarf og halda sérstaklega upp á evrópska tungumáladaginn með skemmtilegum tungumálaverkefnum.
Sjá nánar á: http://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir/Tungumal_opna.pdf

„Við land og haf”.

Þemadagar í Hlíðarskóla 2014 voru núna í september og var áherslan lögð á útivist, siglingar og bogfimi. Yfirskrift þemadagana var „Við land og haf“. Nemendur fengu verklega kennslu í siglingu á árabátum, kajökum og slöngubátum og fræðslu um gildi þess að sýna varkárni í sjó. Farið var í gönguferðir meðfram strandlengjunni einnig prófuðu nemendurnir bogfimi.
Myndirnar eru teknar af heimasíðu Hlíðarskóla.

Nemendur með íslensku sem annað mál.

Fréttabréfi septembermánaðar hefur nú verið sent öllum leik- og grunnskólakennurum á Akureyri.
Það er hægt að lesa á: http://akmennt.is/erlendir/fr%C3%A9ttabr%C3%A9f_6.tbl._3.arg._sept_2014.pdf

Næsti Skóla-akur kemur út fimmtudaginn 23. október